# Fundargerð 13. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017
# miðvikudaginn 16. mars 2016

**Mættir:** Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir ritari, Elsa María Guðmundsdóttir (á skype), Ingibjörg Kristinsdóttir, Ragnar Marteinssson, Eva Hannesdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri og Emil Örn Harðarson mótastjóri.
**Í leyfi:** Jónas Tryggvason og Lóa Birna Birgisdóttir gjaldkeri,
**Afboða, mæta ekki**: Pétur Einarsson, Richard Kristinsson, Jacky Jean Pellerin landsliðsþjálfari.
**Fundur settur kl. 18:08**

## 1. Fundargerðir

a. Fundargerð stjórnar nr. 12 dags. 24/2´16

*Staðfest*

b. Verkefnafundur nr. 16 dags. 9/3´16

*Staðfest*

c. Dómaranefnd nr. 58 dags. 29/2´16

*Staðfest*

d. Fræðslunefnd nr. 2 dags. 15/3´16

*Staðfest*

## 2. Félagaskipti

| Nafn: | Fyrra félag: | Nýtt félag: | dags. mótt. | Tekur gildi |
|---|---|---|---|---|

## 3. Staðfesting meta

**<u>25 metra laug</u>**

**Stúlkna**

| Grein: | Nafn: | Félag: | Tími: | Dags: | Staður: |
|---|---|---|---|---|---|

Engin met sem þarfnast staðfestingar

## 4. Aðsend bréf

| Dags | Efni | Sendandi |
|---|---|---|
| 04.03.2016 | Skýrsla RIG, samþykktir og tillaga um þátttökureglur | RIG/kfá |

*Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir og kynna stjórn þegar niðurstöður liggja fyrir*

| | | |
|---|---|---|
| 15.03.2016 | Team contribution for federations and Prize Money for athletes | LEN/pf |

*Stjórn lýsir ánægju sinni með þessar framfarir hjá LEN*

## 5. ÍM50 2016

a. Undirbúningur/stjórnarmenn
   i. Varaformaður hefur umsjón með stjórnarfólki á staðnum

b. Framkvæmd mótsins

*Mótið verður í 6 hlutum, undanrásir og úrslit frá föstudegi til sunnudags*

c. Aukagreinar í timetrial v/prófa til að ná lágmörkum

*Mótastjóra og landsliðsþjálfara falið að finna út hverjir þyrftu á þessari þjónustu að halda og hvaða greinar þarf að setja í timetrial. Síðustu forvöð til að nýta sér þennan möguleika eru þegar frestur til skráninga á mótið rennur út.*

d. Veitingar

*Framkvæmdastjóra falið að ganga frá veitingamálum*

## 6. Formannafundur SSÍ

a. Dagskrá
   i. Ársreikningur og starfssemi SSÍ
   ii. Upplýsingamiðlun innan félaga og milli aðila í hreyfingunni
      1. Samhæfð skráning vegna leyfiskerfis SSÍ
      2. Upplýsingar um starfsfólk og tengiliði félaga
      3. Nefndir segja frá starfi sínu
   iii. Sjálfboðaliðastarf innan hreyfingar

iv. Mótahald

b. Veitingar

i. Verða á Café ÍSÍ

**7. AMÍ 2016**

a. Málefni AMÍ rædd – sjá lið 10 a í fundargerð

b. Leiðrétting á lágmörkum

*Staðfest – framkvæmdastjóri sendir út*

**8. RIG 2016 og 2017**

a. Uppgjör RIG 2016

b. Hugmyndir um RIG 2017

*Frestað sbr lið 4 í fundargerð*

**9. Fræðslumál – þjálfaranámskeið**

a. Dómaraskóli FINA

b. Þjálfaranámskeið

*Eru í höndum viðeigandi nefnda*

**10. Önnur mál**

a. Gestir fundarins

*Á fundinn mættu formaður Sundráðs ÍRB Sigurbjörg Róbertsdóttir, formaður Sunddeildar Keflavíkur Hilmar Örn Jónsson og formaður Sunddeildar Njarðvíkur Harpa Einarsdóttir. Ýmis mál voru rædd m.a. met í blönduðum boðsundum, AMÍ reglugerð, staðsetning AMÍ og hvernig hægt væri að halda eldra sundfólki við æfingar lengra fram á sundárið.*

b. Eskifjarðarferð

*Stjórnarmaður Ingibjörg Kristinsdóttir, Ólafur Baldursson dómari og Emil Örn Harðarson mótastjóri fóru á Eskifjörð helgina 4-5 mars. Mjög vel var tekið á móti þeim, sundmót var á staðnum, mótastjóri var með fræðslu um Splash, Ingibjörg fræddi stjórn um félagsstjórn og Ólafur fylgdi eftir dómaranámskeið frá síðasta hausti. Vel heppnuð ferð og mikill áhugi og uppbygging í sundi á Austurlandi.*

c. Almenningssund

*Stjórn ákveður að fresta framkvæmd átaksins fram til haustsins*

d. Sundknattleikur

*Stjórn samþykkir að ganga til samstarfs við SH og Sundknattleiksdeild Ármanns um að starta sundknattleik meðal barna og unglinga*

e. Reglur um félagaskipti í sundíþróttum

i. Í sundi gilda áfram þær sem tíundaður eru í Almennum ákvæðum SSÍ.

ii. Tillaga um að setja sérstakar reglur um félagaskipti í sundknattleik, sem tækju mið af félagaskiptareglum KKÍ og HSÍ.

*Formanni falið að útfæra tillöguna og koma með á næsta stjórnarfund*

f. Nýtt lén og ný póstföng SSÍ

i. SSÍ er að taka upp nýtt lén www.iceswim.is og þar með breytast netföng starfsfólks og stjórnarmanna og fá endinguna @iceswim.is

*Stjórn fagnar þessum breytingum*

**Fundi slitið kl. 20:42**